



Borgarráð

Mjódd skiptistöð, almenningssalerni - fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Umsögn

Á fundi borgarráðs þann 21. desember 2017 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað lagt fram tillögur um úrbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega. Meðal annars hafa þeir lagt til að almenningssalerni skiptistöðvarinnar verði opnuð farþegum að nýju en þau hafa verið lokað árum saman. Á fundi borgarráðs 23. nóvember var upplýst að umrædd salerni yrðu opnuð nokkrum dögum síðar eða um mánaðamótin nóvember-desember. Salernin hafa hins vegar ekki enn verið opnuð og er því ljóst að borgarráð fékk rangar upplýsingar um þetta atriði. Spurt er hverju þetta sæti og hvenær megi búast við því að umrædd salerni verði opnuð almenningi eins og ítrekað hefur verið lofað.

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Áætlað var að opna almenningssalerni í desember 2017. Borgarfulltrúar óskuðu eftir á fundi borgarráðs að komið yrði á móts við þá sem hafa ekki greiðslukort, t.d. börn og unglinga og setja upp búnað sem tæki bæði greiðslukort og peninga. Þetta er flóknari búnaður og kallar á meiri þjónustu þar sem fylgjast þarf mun meira með búnaði. Ákveðið hefur verið að setja upp slíkan búnað og farið var í að panta hann strax. Búnaður verður komin upp í byrjun febrúar. Til viðbótar þessu kom í ljós að fara varð í meiri endurbætur á húsnæðinu en gert var ráð fyrir og þá sérstaklega til að auka aðgengi fatlaðra. Þörf var á því að endurbæta rafkerfi og rafbúnaði og ljós og skipta út hluta salernistækja. Þessi atriði hafa tafið opnun. Reiknað er með að salernin opni um miðjan febrúar.

Hrólfur Jónsson

